



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

4. mars 2015

Tilvísun: 2014100049

Efni: Umræðuskjal nr. 3/2015 um drög að leiðbeinandi tilmælum um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 3/2015. Umræðuskjalið inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölin eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Markmiðið með tilmælunum er að fjármálafyrirtæki hér á landi starfi eftir samræmdum viðmiðum um vinnubrögð við mat á áhættu. Einnig að áhættuvilji (e. risk appetite) og áhættustjórnun taki mið af niðurstöðum álagsprófa.

Tilmælin byggja á viðmiðunarreglum frá CEBS (nú European Banking Authority, EBA) frá 26. ágúst 2010, *CEBS Guidelines on Stress Testing (GL32)*¹, og eru þau hluti af tilmælunum. Tilmælin leysa af hólmi álagsprófshluta, þ.e. kafla II, í leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2007 um *viðmiðunarreglur vegna álagsprófa, samþjöppunar- og vaxtaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum*.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eftirlitinu eigi síðar en 25. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 3/2015.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Lilja Rut Kristófersdóttir


Sigurður Árni Kjartansson

¹ Committee of European Banking Supervision, CEBS Guidelines on Stress Testing (GL32), 26. August 2010. https://www.eba.europa.eu/documents/10180/16094/ST_Guidelines.pdf